

Skýrslur

97

um fundi amtsráðanna í vesturamtinu og suðuramtinu.

Aðalfundur amtsráðsins í vesturamtinu 11. og 12. júní 1883.

Fundurinn var haldinn í Stykkishólmi af forseta amtsráðsins, settum amtmanni í suður- og vesturamtinu yfirdómara Magnúsi Stephensen með amtsráðsmönnum sýslumanni S. E. Sverrisson og jarðyrkjumanni Tórfa Bjarnasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram *jafnaðarsjóðsreikning vesturamtsins* fyrir árið 1882; var hann síðan yfirfarinn og athugaði amtsráðið, að í reikningnum frá Dalasýslu og fyrir einstaka hreppa í öðrum sýslum amtsins væri ekki reiknað gjald til jafnaðarsjóðsins af minna gjaldskyldu lausafje en $\frac{1}{2}$ hundraði. Var forseta falið á hendur að brýna fyrir sýslumönnum framvegis að reikna gjaldið nákvæmlega eptir álnatali af gjaldskyldu lausafje.

Við reikning yfir jafnaðarsjóðsgjaldið úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu var athugað, að í Neshrepp ytri hafði verið tekið gjald af 2 mönnum, sem að eins tíunduðu 1 hundrað, og í Miklaholtshreppi voru gjaldskyld hundruð talin 174 og 115 al. í staðinn fyrir 184 og 25 al.

2. Forseti lagði fram *reikning búaðarsjóðs vesturamtsins* fyrir árið 1882, og var hann yfirfarinn og ekkert fundið við hann að athuga.

3. Forseti lagði fram *reikning yfir búaðarskólagjaldið* í vesturamtinu fyrir árið 1882, var hann yfirfarinn og fannst ekkert að athuga við hann.

4. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld bókasafns vesturamtsins fyrir árið 1882 og fannst ekkert að athuga við hann.

5. Forseti lagði fram eptirfylgjandi *sýslusjóðsreikninga*:

a. Frá Mýrasýslu fyrir árið 1882.

b. Frá Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir sama ár; reikningur þessi áleitz í ýmsu tilliti óformlegur, og var forseta falið á hendur að leita upplýsinga um hann hjá hlutadeigandi reikningshaldara.

c. Frá Dalasýslu fyrir árið 1882.

d. Voru fram lagðir reikningar sýslusjóðs Strandasýslu fyrir árið 1881 og 1882 og fannst ekkert athugavert við hina framlögðu sýslusjóðsreikninga að öðru leyti en því, sem tekið er fram undir staffið b.

e. Reikningur Barðastrandarsýslu fyrir árið 1881.

f. Enn fremur skýrði forseti frá, að hann hefði fengið eptirrit af sýslusjóðsreikningum Ísafjarðarsýslu fyrir árin 1879, 1880 og 1881, en alla án fylgiskjala og hefði hann því lagt fyrir sýslumanninn að senda tafarlaust hina frumrituðu reikninga með öllum fylgiskjölum þeirra, en að þeir væru enn ókomnir.

6. Forseti framlagði eptirfylgjandi *eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna*:

a. Mýrasýslu frá fundi 12. sept. 1882, 3. jan. 1883 og 24. maí 1883.

b. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá fundi 12. til 15. apríl 1883.

c. Dalasýslu frá fundi 15. júlí 1882 og 17. apríl 1883.

d. Barðastrandarsýslu frá fundi 17. ágúst 1882.

e. Ísafjarðarsýslu frá fundi 13. sept. 1882 og 13. marz 1883.

f. Strandasýslu frá fundi 15. sept. og 16. nóv. 1882 og 23. febr. 1883.

Voru eptirrit þessi yfirfarin, og fann amtsráðið ekkert athugavert við sýslunefnd-
28. d. sept. mán. 1883.

97

argjörðirnar úr Mýra-, Snæfellsness- og Hnappadals-, Dala- og Strandasýslu, en við eptirrit af sýslunefndargjörð Barðastrandarsýslu athugaðist, að á fundinum höfðu mætt í stað tveggja sýslunefndarmanna 2 aðrir menn í umboði þeirra, sem engin lagaheimild er til, og við áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs Ísafjardarsýslu fyrir árið 1883, að eptir áætluninni leit svo út, sem nokkru af sýsluvegagjaldi sýslunnar, sem og nokkrum hluta af styrk þeim, sem veittur hefur verið úr landssjóði til eflingar búnaði í sýslunni fyrir árið 1883 sje áformað að verja til annara þarfa sýslunnar en fje þetta er ætlað til, og var forseta falið að vekja athuga hlutaðeigandi sýslunefndar á þessum afbrigðum.

7. Forseti framlagði brjef, dags. 5. p. m., frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, þar sem farið er fram á, að amtsráðið veiti skóla þessum svo mikinn styrk af jafnaðarsjóði vesturamtsins, sem ráðið gæti sjeð sjer fært. Sökum hinna þungu gjalda, sem hvíla á jafnaðarsjóði amtsins, og hinnar miklu lækkunar á tekjum sjóðsins, er leiðir af fækkun lausafjrhundraða amtsbúa, sá amtsráðið sjer ekki fært að veita nokkurn styrk til ofanefnds skóla fyrir næsta ár.

8. Forseti framlagði brjef, dags. 28. f. m., frá sýslumanninum í Mýrasýslu fyrir hönd sýslunefndarinnar, þar sem óskað er eptir, að amtsráðið veiti samþykki sitt til, að sýslunefndin megi taka allt að 12,000 kr. lán úr landssjóði til að afstýra yfirvofandi hallæri í sýslunni. Amtsráðið veitti hið umbeðna samþykki.

9. Amtsráðið tók til íhugunar, að gjaldið til jafnaðarsjóðs vesturamtsins væri nú í ár 42 aurar af hverju gjaldskyldu lausafjrhundraði, og að gjald þetta næsta ár, sökum fækkunar lausafjrhundraðanna í amtinu, hlyti að hækka, ef hin sömu gjöld hvíldu á sjóðnum, sem að undanfögnu. Hið þyngsta af gjöldum jafnaðarsjóðsins er nú sem stendur afborgun og vextir af láni úr landssjóði til byggingar fangahúsa; áleit því amtsráðið hin einu úrræði að fara þess á leit við fjárveitingarvaldið, að lán þetta fengist að öllu leyti eptirgefið, eða ef þess væri ekki kostur, að jafnaðarsjóðnum þá um næsta fjrhagstímabil væri veittur frestur með afborganir á láninu, og var forseta falið á hendur, að fylgja því fram á þann hátt, sem bezt þætti henta.

10. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þar sem óskað er, að útvegaður sje búfræðingur til þess að ferðast um sýslu þessa í sumar í því skyni, að segja bændum fyrir um jarðabætur. Amtsráðið sá ekki hægt, úr því svo er áliðið sumars, og allir hæfir menn þegar eru ráðnir til jarðyrkjustarfa, að útvega hinn umbeðna búfræðing.

11. Forseti framlagði brjef, dags. 21. apríl p. á., frá sýslumanninum í Dalasýslu, þar sem óskað er samþykkis amtsráðsins í vesturamtinu til að jafnað sje niður 575 kr. 84 a. til sýslusjóðsins fyrir yfirstandandi ár. Amtsráðið samþykkti niðurjöfnun þessa.

12. Forseti gat þess, að hann, eptir tilmælum forstöðumanns kennslustofnunarinnar í Ólafsdal, hefði leyft, að prófi kennslupilta þeirra, sem fara áttu af stofnuninni nú í sumar, mætti fresta sakir veikinda piltanna og heimilisfólksins í Ólafsdal; amtsráðið ákvað, að próf á piltum þessum skyldi fram fara á næstkomandi vori.

13. Forseti gat þess, að hann hefði falið forstöðumanni kennslustofnunarinnar í Ólafsdal að veita 5 nýjum piltum inngöngu á stofnunina af 8 umsækjendum, sem voru búnir að gefa sig fram í síðastliðnum aprilmánuði, og enn fremur hefði 1 af kennslupiltum þeim, sem voru á fyrsta ári á stofnuninni, dáðið, og hefði forstöðumaðurinn einnig

upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins tekið pilt í staðinn fyrir hann inn á stofnunina. Amtsráðið samþykkti þessar ráðstafanir.

14. Forstöðumaður kennslustofnunarinnar í Ólafsdal lagði fram uppástungu um, að burtfararprófi frá stofnuninni, sem í fyrra var haldið í einu lagi, yrði skipt í tvennt, verklegt próf, sem fram færi um mánaðamót september—október, og bóklegt próf sem fram færi um miðjan maímánuð, og samþykkti amtsráðið þessa tilhögun, sem hefur í för með sjer þá breytingu, að kennslupiltarnir framvegis skuli koma inn á stofnunina um miðjan maímánuð.
15. Amtsráðið ræddi uppkast frá forstöðumanni kennslustofnunarinnar í Ólafsdal til reglna, er fylgja skyldi við prófið frá stofnuninni, og samþykkti ráðið reglur þessar í öllum aðalatriðum, og var forseta falið á hendur að skipa þeim niður.
16. Forseti gaf eptirfylgjandi skýrslu um það fje, sem amtsráðið væntanlega hefur til umráða til eflingar búnaði í amtinu og getur gjört uppástungu um:
- | | |
|--|------------------------|
| a. Tekjur búnaðarsjóðs vesturamtsins..... | 400 kr. » a. |
| b. Vesturamtsins hluti af því fje, sem veitt er í fjárlögum til eflingar búnaði..... | 2466 — 66 — |
| | Samtals 2866 kr. 66 a. |

Amtsráðið ákvað að leggja það til, að fje þessu skyldi þannig varið:

- a. Í brjefi 7. júní til amtsráðsins endurnýjandi forstöðumaður skólastofnunarinnar í Ólafsdal ósk sína, er hann fram bar fyrir ráðið á fundi þess f. á.:

1. Að meðgjöfin með lærisveinum á stofnuninni sje aukin þannig, að hún sje alls 400 kr. fyrir 2 ár.
2. Að fastur kennari sje settur við stofnunina, á þann hátt, að honum sem kennara verði veittar 800 kr. í árleg laun, eða sem styrkur til að taka aðstoðarmann til að stjórna búinu.

Hvað snertir viðbót við meðgjöfina með kennslupiltum á stofnuninni, þá var amtsráðið á hinn sömu skoðun nú, eins og fram kom á fundi þess í fyrra, að viðbót þessi væri ekki ofmikil, og með því amtsráðið sá sjer fært að leggja til þessa viðbót fyrir næsta skólaár, þá ákvað það að leggja 250 kr. í meðgjöf með 6 piltum, sem verða á stofnuninni fyrra árið, og 150 kr. með 4 piltum, sem eru þar nú hið síðara ár eður

- | | |
|--|-----------------------|
| b. Til viðhalds verkfærum voru skólastofnuninni í Ólafsdal veittar | 100 — » — |
| c. Í kennslulaun við skólastofnunina í Ólafsdal voru veittar fyrir næsta skólaár | 650 — » — |
| | Samtals 2850 kr. » a. |

17. Forseti framlagði brjef, dags. 19. f. m., frá sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, innihaldandi meðmæli með bónarbrjefi Kristjáns Jóhannessonar á Ytra-Leiti um að fá veitta þóknun eða verðlaun fyrir unnar jarða- og húsabætur, annaðhvort af styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda eða þá af búnaðarsjóði Vesturamtsins. Amtsráðið ákvað að beina bænarskjalinu með meðmælum sínum til landshöfðingjans.

18. Forseti framlagði bónarbrjef frá ýmsum um styrk til framkvæmda í jarðabótum og verðlaun fyrir unnar jarðabætur. Þar eð amtsráðið hafði ráðstafað fje því, sem það hefur til umráða á annan hátt, gátu bónarbrjef þessi ekki fengið áheyrzlu, en hvað snertir hinn umbeðna styrk til framkvæmda í jarðabótum eða til þess að halda bú-

97

fræðinga, þá áleit amtsráðið, að styrks í þessu skyni væri að leita af þvi, sem sýslunefndunum er veitt af landssjóði til eflingar búnaði.

19. Tillögur sýslunefndarinnar í Barðastrandarsýslu um breytingu og niðurskipun yfirsetukvennaumdæma í sýslunni voru af amtsráðinu samþykktar þannig:
 2. yfirsetukvennaumdæmi sje Gufudalshreppur frá Þorskafjarðará að Klettshálsi.
 3. yfirsetukvennaumdæmi sje Múlahreppur ásamt Hjarðarnesi frá Klettshálsi að Vatnsdalsá og þar með Kirkjuból á Bæjarnesi.
 5. yfirsetukvennaumdæmi sje Barðastrandarhreppur að undanskildu Hjarðarnesi frá Vantsdalsá.
 6. yfirsetukvennaumdæmi sje Rauðisandur ásamt Keflavík og Látrum.
 7. yfirsetukvennaumdæmi sje Patreksfjörður með Kollsvík og Breiðuvík.
 8. yfirsetukvennaumdæmi sje Tálknafjarðarhreppur.
 9. yfirsetukvennaumdæmi sje Dalahreppur.
 10. yfirsetukvennaumdæmi sje Suðurfjarðahreppur.
 1. og 4. umdæmi haldizt óbreytt.
20. Amtsráðið samþykkti að veita mætti úr sýslusjóði Barðastrandarsýslu 20 kr. sem þóknun handa Magnfríði Gísladóttur á Höfðadal fyrir árið 1882 fyrir langa og dygga þjónustu við yfirsetukvennastörf í Tálknafjarðarhreppi.
21. Sömuleiðis samþykkti amtsráðið, að Eyjólfí Jónssyni sje veitt 20 kr. þóknun úr sýslusjóði Barðastrandarsýslu fyrir yfirsetustörf í Eyjahrepp í 25 ár.
22. Forseti framlagði brjef frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu, dags. 22. ág. 1882, þar sem farið er fram á, að amtsráðið mæli með þeirri ósk, að sýslunni verði skipt í 2 sýslufjelög þannig, að í öðru fjelaginu sje Geiradals-, Reykhóla-, Gufudals-, Múla- og Flateyjarhreppar, en í hinu sje Barðastrandar-, Rauðasands-, Tálknafjarðar-, Dala- og Suðurfjarðahreppar, og hafði sýslunefndin í Barðastrandarsýslu samþykkt þessa skiptingu á fundi sínum 17. ág. f. á. En þaræð á fundargjörðunum sást, að á fundi þessum voru að eins mættir 6 af hinum kosnu sýslunefndarmönnum, áleit amtsráðið nauðsynlegt, að málefni þetta yrði á ný tekið fyrir til umræðu og ályktunar á fundi sýslunefndarinnar í Barðastrandarsýslu, sem allir hinir kosnu sýslunefndarmenn væru mættir á.
23. Samþykkti amtsráðið reglugjörð fyrir Ísafjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil og rjettahöld m. fl., sem samþykkt hafði verið af sýslunefndinni 13.—16. marz. þ. á.
24. Var framlagt brjef frá sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu óskar, að amtsráðið taki til yfirvegunar og beini til alþingis með tillögum sínum þeirri uppástungu sýslunefndarinnar, að landssjóðurinn með sölu og makaskiptum sameini jarðeignir sínar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og setji upp stórt fyrirmyndarþú á hentugum stað og stofni þar jafnframt vinnuhús, þar sem unglíngum og atvinnulausu fólki gefist kostur á vinnu, með þvi þetta, að álití sýslunefndarinnar, gæti orðið til viðreisnar sýslunni. Með þvi amtsráðið áleit, að þessi uppástunga sýslunefndarinnar mundi mjög svo örðug til framkvæmdar, og í annan stað mjög tvísýnt, að hún mundi verða að tilætluðum notum, þó hún yrði framkvæmd, þá gat amtsráðið ekki veitt henni meðmæli sín.
25. Forseti skýrði frá, að hann hjá bókmenntafjelaginu hefði fengið 100 sjerprentuð exempl. af ritgjörð landfógeta Árna Thorsteinsonar um síldarveiði og óskaði samþykkis

til að mega greiða kostnaðinn við þetta úr búnaðarsjóði vesturamtsins. Amtsráðið 97 samþykkti þetta.

26. Því næst var rædd og samþykkt eftirfylgjandi.

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1884.

Tekjur:

1. Í sjóði og eptirstöðvar.....	1364 kr. 34 a.
2. Niðurföfnun.....	1759 — 42 —
	Samtals 3123 kr. 76 a.

Gjöld.

1. Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála.....	» kr. » a.
2. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna.....	300 — » —
3. Til kostnaðar við kennslu heyrnar- og málleysingja.....	220 — » —
4. Til endurgjalds kostnaðar við byggingu fangahúsa.....	1653 — 76 —
5. Til kostnaðar við amtsráðið.....	400 — » —
6. Til ýmsra gjalda.....	50 — » —
7. Eptirstöðvar.....	500 — » —
	Samtals 3123 — 76 —

Aðalfundur amtsráðsins í suðuramtinu 27.—29. júní 1883.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, settum amtmanni í suður- og vesturamtinu, yfirdómara Magnúsi Stephensen með amtsráðsmönnum dr. phil. Grími Thomsen og prófasti Skúla Gíslasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

- Forseti lagði fram *jafnaðarsjóðsreikning suðuramtsins* fyrir árið 1882, og var hann rannsakaður og fannst ekkert athugavert við hann. Amtsráðið ákvað að nema burtu úr eptirstöðvunum skyndilán í sakamálum og gjafsóknarmálum, að upphæð 49 kr. 64 a., sem ófáanleg. Amtsráðið fól forseta á hendur að brýna fyrir sýslumönnum að jafna gjaldinu til jafnaðarsjóðs á gjaldþegnana eptir fullri upphæð tíundarinnar í hundruðum og állum, svo aðalupphæðin náist.
- Forseti lagði fram *reikning yfir búnaðarskólajaldið í suðuramtinu* 1882; var hann yfirfarinn og fannst ekkert athugavert við hann.
- Forseti lagði fram *leigulidasjóðsreikning suðuramtsins* fyrir árið 1882, var hann einnig yfirfarinn og fannst ekkert athugavert við hann.
- Forseti lagði fram eftirfylgjandi *sýslusjóðsreikninga*, sem samkvæmt ákvörðun amtsráðsins á síðasta fundi, höfðu verið yfirfarnir af amtsráðsmanni dr. Grími Thomsen:
 - Reikninga Austur-Skaptafellssýslu fyrir árin 1880—82.
 - Amtsráðið úrskurðaði um reikninginn fyrir árið 1880
 - að gjaldliður 5 c «fyrir flutning prótokolla til aukasýslufundar og boðsending til sýslunefndarmanna» 45 kr. skyldi færast niður í 24 kr.
 - að gjaldliður 5 d «fyrir ferð með kjörbækur til alpingiskosningar» 40 kr. skyldi falla niður sem heimildarlaus að lögum.
 - Um reikninginn fyrir árið 1881
 - að tekjurnar skyldu færast upp um 1 kr., er væri vanreiknuð;

97

- β. að gjaldliður 1. (dagpeningar sýslumanns) skyldi færast niður úr 26 kr. í 8 kr.
- γ. að gjaldliður 5 a «borgun fyrir húsnæði oddvita og hey á ferð til sýslufundar» 7 kr. falli niður sem heimildarlaus.
- δ. að gjaldliður 5 e «borgun fyrir flutning á prótókollum og boðsending til sýslunefndarmanna» 17 kr. 24 a. færast niður í 2 kr.

3. Við reikninginn fyrir árið 1882 fannst ekkert athugavert.

B. Reikninga Vestur-Skaptafellssýslu fyrir árin 1880—82. Við reikningana fyrir árin 1881 og 1882 fannst ekkert athugavert, en um reikningum fyrir árið 1880 úrskurðaði amtsráðið:

- α. að gjaldliður 5 b «fyrir fylgd í bil um næturtíma á aukasýslufund» 3 kr. falli niður.
- β. að gjaldliður 5 d «borgun til hreppsnefndar Dyrhólahrepps fyrir fátækraflutning 1877—80» 71 kr. 30 a. falli niður sem sýslusjóði óviðkomandi.

C. Reikninga Vestmannaeyjasýslu fyrir árin 1881 og 82 og fannst ekkert athugavert við þá.

D. Reikninga fyrir Rangárvallasýslu 1881 og 82 og fannst ekkert athugavert við þá.

E. Reikninga Borgarfjarðarsýslu fyrir árin 1880 og 1881.

1. Um reikninginn fyrir 1880 úrskurðaði amtsráðið:

- α. að gjaldliður IX 3 a «til hjerðslæknis Blöndals fyrir ferð á þingvallafund 1876» 25 kr. fjelli niður sem heimildarlaus.
- β. að gjaldliður IX 3 c »borgun til 2 manna fyrir að mæta við jarðarför Jóns Sigurðssonar» 20 kr. falli burt af sömu ástæðu.
- γ. um gjaldlið IX 3 d »borgun til A. Fjeldsteds fyrir sendiferð í þarfir sýslunefndarinnar 1875 og 1877« 51 kr. 50 a. skyldi leita skýrslu um, í hverju skyni þær sendifarir hefðu verið farnar.

2. Um reikninginn fyrir 1881 gjaldlið IV var ákveðið að leita skýrslu um, hvernig vegabóttafje í Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi hefði verið varið.

Amtsráðið fól forseta að áminna sýslumanninn um að senda sem fyrst sýslusjóðsreikning fyrir 1882.

F. Reikninga Árnessýslu fyrir árin 1881 og 1882:

1. Við reikninginn fyrir 1881 athugaði amtsráðið, að upphæðin 864 kr. 19 a., sem hefur verið innistandandi hjá fyrrum sýslumanni Þ. Jónssyni, væri enn ógreidd í sýslusjód og fól forseta að brýna fyrir sýslumanni, að annast um, að fje þetta yrði borgað í sýslusjód án frekari undandráttar.

2. Um reikninginn fyrir 1882 athugaði amtsráðið:

- α. amtsráðið ítrekaði sömu athugasemd sem við reikning 1881 og benti á, að sýslusjóðsgjaldið fyrir 1882 ekki hefði þurft að vera svo hátt, ef áður-nefndri upphæð, nú 808 kr. 19 a., hefði verið varið í þarfir sýslusjóðsins.
- β. Að tekjulíður 2 «vegabóttagjald» ætti að færast niður um 12 kr. 10 a. sem endurgjaldist hlutadeigandi gjaldendum í Stokkseyrarhreppi.
- γ. Að gjaldliður 11 «leiga fyrir fundarhús í janúar 1883» 2 kr. skyldi falla og færast yfir á næsta árs reikning.
- δ. Að reikningshaldara bæri að útvega kvittun fyrir gjaldlið 17 «ársleiga af 750 kr.»

2. Viðvíkjandi gjaldlið 9 «ritföng borguð hreppstjórum 126 kr.», fól amtsráðið forseta að leita skýringar um, í hverju þessi ritföng væru fólgin og með hverri heimild þau væru goldin, og að þeim fengnum að úrskurða hvort kostnaður þessi skyldi endurgjaldast sýslusjóði og gildir þetta einnig um reikninginn 1881 gjaldlið 4.

G. Reikninga Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir árin 1881 og 1882:

1. Við reikninginn fyrir 1881 athugaði amtsráðið, að eptirstöðvar við árslok 1783 kr. 81 a. væru óþarflega háar og að það væri rangt að leggja svo hátt sýslusjóðsgjald á til að safna í sjóð.

2. Um reikninginn fyrir 1882 úrskurðaði amtsráðið, að gjaldliður 6, ýms útgjöld, færast niður um 34 kr. fyrir skoðunargjörð á Varaós og Hólmssundi, sem eptir ákvörðun sýslunefndarinnar sjálfrar á að greiðast af fje því, sem veitt er sýslunni af landssjóði til eflingar búnaði.

Að því er snertir sýslureikninga yfir höfuð athugaði amtsráðið:

1. Að reikningar sýslusjóða eiga að sendast öllum hreppsnefndum í afriti, en þar á móti er ekki skylt að senda afrit af fundargjörðum.

2. Í allmörgum sýslum er vegalögunum ekki fylgt með uppboð og samninga um vegagjörðir og útnefning á skoðunarmönnum, er votti um hvort vinnan er forsvaranlega af hendi leyst; sýslunefndarmenn og jafnvel einstaka oddvitar taka stundum vinnuna að sjer; af þessu leiðir, að vegabótunum verður minna ágengt en til mætti ætlast eptir kostnaðinum, og fól amtsráðið því forseta að áminna þær sýslunefndir, sem í því tilliti er ábótavant, að fylgja nákvæmlega tilskipun 15. marz 1861, einkum 5., 11. og 15. gr.

5. Forseti lagði fram eptirfylgjandi *eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna*:

a. Frá Austur-Skaptafellssýslu fundargjörðir frá 22. júní og 24. okt. 1882 og fannst ekkert athugavert við þær.

b. Frá Vestur-Skaptafellssýslu frá 31. maí og 1. júní, 30. og 31. okt. og 11. nóv. 1882 og athugaði amtsráðið sjerstaklega, að eptirstöðvar sýslusjóðsins væru áætlaðar ótilhlýðilega háar.

c. Frá Vestmannaeyjasýslu frá 20. apríl og 15. nóv. 1882 og 17. jan. og 8. maí 1883 og fannst ekkert athugavert við þær.

d. Frá Rangárvallasýslu 4. okt. 1882 og 15. maí 1883 og fannst heldur ekkert athugavert við þær.

e. Frá Árnassýslu 10. apríl 1883. Amtsráðið athugaði:

α. Að það mundi ekki vera löglegt að veita nefnd, sem kosin var til að gjöra uppástungur viðvíkjandi kynbótum á kvikfje, laun úr sýslusjóði.

β. Að áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðsins væri hvorki samkvæm hinni fyrirskipuðu fyrirmynd nje sveitarstjórnarlögunum, og fól amtsráðið því forseta að áminna oddvita um að lagfæra áætlunina.

γ. Þar sem ráðgjört er að taka 900 kr. lán til vegagjörðar, þarf til þess samþykki amtsráðsins, en þess hefur ekki verið leitað.

f. Frá Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 24. maí 1883 og var ekkert sjerstaklegt að athuga við þær.

g. Frá Borgarfjarðarsýslu 15. sept. 1882 og 23. apríl og 19. júní 1883 og var ekkert að athuga við þær.

97

6. Forseti lagði fram bænarskrár um styrk af því fje, sem í fjárlögum er veitt til eflingar búnaði. En sú upphæð, sem amtsráðinu ber að gjöra tillögur um, er 3533 kr. 33 a.

Tillögur amtsráðsins voru þessar:

A. Um þann helming, er á að veitast búnaðarfjelogum:

- | | |
|--|----------------|
| a. Að búnaðarfjelagi suðuramtsins yrðu veittar | 1566 kr. 66 a. |
| b. Búnaðarfjelagi Hálsahrepps | 100 — » — |
| c. Búnaðarfjelagi Andakýlshrepps | 100 — » — |

Fyrir veitingum þessum voru sett þau skilyrði, að búnaðarfjelag suðuramtsins selji jarðyrkjuverkfæri þau, er það hefur til umráða, án nokkurs ágóða fyrir fjelagid og að 2 hin síðarnefndu fjelög verji fjenu til verkfærakaupa. Hinum öðrum búnaðarfjelogum, sem höfðu sótt um styrk, varð ekki veitt áheyrn, þarð amtsráðið hafði ekki fengið neinar skýrslur um fyrirkomulag og athafnir þeirra.

B. Um hinn annan helming nefndrar fjárupphæðar:

- | |
|---|
| a. Að 1000 kr. sju veittar til að kosta búfræðing í sumar til að vera verkstjóri við flóðgarðahlæðslu fyrir Safarmýri í Holtamannahreppi og að segja fyrir um stíflu og framræslu Hróarsholtslækjar í Flóa og |
| b. Að 766 kr. 67 a. verði veittar sem styrkur til vinnu þeirrar á Safarmýri, sem talað er um undir staflid a, sem áætlað er að muni kosta rúmar 4600 kr. og var veiting þessi bundin þeim skilyrðum, að eigendur og ábúendur hlutað-eigandi jarða leggi fram þann fjárstyrk og vinnu, sem fundarskýrsla frá Holtamannahreppi 6. marz 1883 tilgreinir. |

7. Landshöfðingi hafði beiðst álits amtsráðsins um bónarbrjef frá Sveini Jónssyni á Gufunesi, er síðastliðinn vetur hafði kynnt sjer þilskipasmíði í Noregi, um viðbót við styrk þann úr landssjóði, að upphæð 250 kr., sem honum hafði verið veittur í þessu skyni og virtist amtsráðinn eptir þeim vitnisburðum, er fylgdu bónarbrjefinu, að ástæða væri til að mæla með þessari bón hans.

8. Lagt var fram brjef frá forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík, dags. 25. þ. m., þar sem hún fer þess á leit, að skólanum fyrir yfirstandandi ár verði veittur viðlíka fjárstyrkur af jafnaðarsjóði suðuramtsins eins og undanfarin ár. Þarð skólanm var þegar á seinasta aðalfundi amtsráðsins veittur 200 kr. styrkur fyrir árið 1883, skírskotaði amtsráðið til þeirrar veitingar.

9. Lagt var fram brjef frá sýslumanninum í Vestmannaeyjasýslu, dags. 14. f. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar leitar samþykkis amtsráðsins til þess, að sýslan taki 1500 kr. lán úr landssjóði, er ávaxtist og endurborgist með 6 % til þess að byggja barnaskólahús á eyjunum. Amtsráðið veitti hið umbeðna samþykki.

10. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu fór þess á leit, fyrir hönd sýslunefndarinnar, að amtið samþykkti þá ráðstöfun hennar, að gjaldi til sýslusjóðs skyldi ekki jafna á þær jarðir í Rangárvalla- og Landmannahreppum, sem heita mega gjöreiddar af sandi og engin ábúð er á. Amtsráðið fyrir sitt leyti álitur, að ekki verði jafnað sýslusjóðsgjaldi á þær jarðir, sem engin ábúð er á og sem ekki eru notaðar bæði til slæгна og beitar frá öðrum jörðum.

11. Lagt var fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, 16. apr. p. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar biður um meðmæli amtsráðsins til þess, að Grafningshreppur verði pinghá fyrir sig með pingstað á Úlfhljótsvatni, og ákvað amtsráðið að beina þessari beiðni til landshöfðingja með meðmælum sínum.
12. Beiðni Þorkels bónda Jónssonar á Ormstöðum um verðlaun úr styrktarsjóði Kristjáns konungs 9., sem sýslunefndin í Árnessýslu hafði sent amtsráðinu til meðmæla, vísaði amtsráðið til landshöfðingja.
13. Sömuleiðis vísaði amtsráðið til landshöfðingja bóнарbrjefi Ólafs bónda Eyjólfssonar á Hesti í Grímsnesi um verðlaun fyrir jarðabætur á ábyli hans.
14. Enn fremur var lögð fram beiðni frá sýslunefndinni í sömu sýslu um meðmæli amtsráðsins til þess, að sýslunni yrðu veittar af hinu erlenda samskotafje 18000 kr. til viðreisnar fjárstofni sýslunnar. Amtsráðið vísaði þessu máli, sem sjer óviðkomandi, til landshöfðingja.
15. Beiðni hinnar sömu sýslunefndar um 500 kr. styrk af fje því, sem ætlað er af landssjóði til endurbótar sýsluvegum, sem jafnframt eru póstvegir, vísaði amtsráðið einnig til landshöfðingja með þeim ummælum: að engin skilríki lægu fyrir um, að skilyrðum þeim, sem sett eru í fjárlögnum fyrir slíkri fjárveitingu, verði fullnægt.
16. Þá kom til umræðu beiðni sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, er rædd var á síðasta amtsráðsfundi, að lagður yrði niður vegurinn yfir Svínaskarð sem sýsluvegur, en að tekinn verði upp sem sýsluvegur vegurinn frá Leirvogsa inn Kjalarnes fyrir framan Esju, Eyrarfjall og Reynivallaháls inn að Fossá, og höfðu amtsráðinu nú borizt skýrslur þær, er ákveðið var að leita á síðasta fundi. Amtsráðið samþykkti þessa breytingu á sýsluvegunum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þó þannig, að veginum yfir Svínaskarð framvegis yrði viðhaldið til yfirferðar á sumardag.
17. Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði beiðst samþykkis amtsráðsins til þess, að tekið væri allt að 4000 kr. lán til brúargjörðar yfir Elliðaárnar, þannig að lán þetta skyldi hvíla á sýslufjelaginu og ávaxtast og endurborgast af sjóði sýslunnar. Amtsráðið veitti hið umbeðna samþykki, en fól jafnframt forseta að vekja athygli sýslunefndarinnar á, að þegar um svo kostnaðarsamt fyrirtæki væri að ræða, þá væri áriðandi að viðhafa nauðsynlega sparsemi og útsjón og eptirlit með, að verkið væri forsvaranlega af hendi leyst, og það þess heldur, sem vafasamt væri, hvort sýslunefndin upp á sitt eindæmi er þess umkomin að verja sýslusjóðsgjaldi, sem jafnað er á í öðrum tilgangi, þó uppsparað sje, til vegabóta.
18. Forseti lagði fram kæruskjöl frá öllum hreppsnefndum í Kjósarsýslu yfir því, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði ákveðið á fundi sínum, 24. f. m., að leggja 300 kr. úr sýslusjóði til alþýðuskólans og gagnfræðaskólans í Flensborg fyrir yfirstandandi ár, sem og hina umbeðnu skýrslu frá hlutadeigandi sýslunefnd um fjárveitingar hennar til skólans. Með því að reglugjörð tjeðs skóla, frá 21. júlí 1882, ber með sjer, að skóli þessi er ekki sjerstaklega ætlaður til að vera sýsluskóli fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu fremur en fyrir önnur hjeruð amtsins, eins og líka sýslunefndin í skýrslu sinni tekur fram, að hann «ei sje bundinn við sýslufjelagið», þá virtist amtsráðinu ekki næg heimild fyrir fjárveitingu þeirri, sem hjer er um að ræða.
19. Forseti lagði fram brjef amtsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 5. sept. f. á., viðvíkjandi kennslukaupi fyrir Ögmund Gíslason í skólanum í Flensborg, og bar það upp fyrir amtsráðinu, hvort það, eptir landshöfðingjabrjefi 1. ágúst s. á.,

12. d. okt. mán. 1883.

97. fundi ástæðu til, samkvæmt 52. gr. sveitarstjórnarlaganna I. tölulið, að vísa málinu um kennslukostnað þennan til nýrrar meðferðar í sýslunefndinni. Með því amtsráðið komst að þeirri niðurstöðu, að sýslunefndin í meðferð sinni á máli þessu hefði brotið móti 28. gr. nefndra laga, sbr. lög 9. jan. 1880, 2. gr., ákvað það að vísa málinu aptur til sýslunefndarinnar til nýrrar meðferðar, þannig að prófastur, sem væri sjers'aklega til þess settur, tæki sæti í nefndinni, þarð hinn reglulegi prófastur væri riðinn við málið.
20. Forseti lagði fram fjallskilareglugjörð fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem sýslunefndin þar hafði samþykkt á fundi sínum 24. f. m. og beiðst að staðfest væri af amtsráðinu. Ráðið fól forseta að yfirfara reglugjörðina og athuga, hvort nokkuð væri í henni, sem ekki væri lögum samkvæmt, og að öðru leyti að ákveða, hvort hún yrði staðfest.
21. Forseti lagði sömuleiðis fram fjallskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, og tók amtsráðið sömu ákvörðun um hana.
22. Forseti lagði fram beiðni sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu, frá 9. maí þ. á., um heimild til að kaupa jörðina Hvanneyri, til þess þar yrði stofnaður búnaðarskóli. Með því amtsráðinu er kunnugt af fundargjörðum sýslunefndanna í amtinu, að engin þeirra að svo stöddu sjer sjer fært að leggja fje til að stofna búnaðarskóla á Hvanneyri, og því að öðru leyti er kunnugt hið bága ástand sýslunnar, áleit amtsráðið, að það gæti ekki fyrst um sinn gefið hina umbeðnu heimild.
23. Eptir uppástungu forseta veitti amtsráðið, eins og að undanförmu, úr jafnaðarsjóði fyrir næstkomandi ár 125 kr. til sæluhússins á Kolviðarhóli, þaraf 100 kr. uppí laun sæluhúsbúans og 25 kr. til viðhalds húsinu.
24. Forseti bar upp fyrir amtsráðinu að kaupa 100 sjerprentuð exemplör af ritgjörð Árna landfógeta Thorsteinsonar um síld og síldarveiðar til gefins útbýtingar í amtinu og var það samþykkt.
25. Því næst var rædd og samþykkt

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1884.

Tekjur:

1. Í sjóði	3000 kr.	» a.
2. Niðurjöfnun	400 —	» —

Tekjur alls 3400 — » —

Gjöld:

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	200 kr.	» a.
2. Til ferðakostnaðar	200 —	» —
3. Til kennslu heyrnar- og málleysingja	300 —	» —
4. Til sáttamálefna	20 —	» —
5. Afborgun og vextir af lánum	620 —	» —
6. Kostnaður við amtsráðið	150 —	» —
7. Ýmisleg útgjöld	500 —	» —
8. Eptirstöðvar	1410 —	» —

Gjöld alls 3400 — » —

Reykjavík 11. september 1883.

Magnús Stephensen,
settur.